

Myndlist á Íslandi

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 31. mars 2022

Kynningar: Gallerí Fold, Kópavogur, Apollo art



Maddý Hauth sýningarstjóri og Jóhann Ágúst Hansen framkvæmdastjóri gallerisins segja spennandi sýningar handan við hornið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Allt að lifna við hjá Gallerí Fold

Gallerí Fold verður 30 ára í ár og verða ýmsir viðburðir á árinu því tengdir. Hápunktur afmælisársins verður dag-skrá á Menningarnótt og hátíðarsýning á verkum Möggu Rutar Eddudóttur sem verður opnuð í byrjun ágúst. Fram undan nú í vor eru tvær stórar sýningar, önnur á verkum Þorra Hringssonar og hin á olíuverkum eftir Erró. **2**

Það er allt að lifna við þessa dagana í sýningarhaldi hjá Gallerí Fold eftir róleg tvö ár. Maddý Hauth sýningarstjóri og Jóhann Ágúst Hansen framkvæmdastjóri gallerísins segja spennandi sýningar handan við hornið.

„Núna 9. apríl opnar Þorri Hringsson sýningu, en síðasta sýningin hans hjá okkur var fyrir þremur árum. Þorri er vinsæll listamaður en hann málar raun-sæis-landslagsmálverk,“ segir Maddý.

„Hann er búinn að vera að undirbúa þessa sýningu í tvö ár svo það verður spennandi að sjá hana loksins,“ skýtur Jóhann inn í.

„Síðan í maí verður stór sýning á verkum Errós. Sú sýning er í samstarfi við franskt gallerí í Strassborg en þaðan berast meðal annars oliuverk og djúpbrykkt verk eftir Erró,“ segir Maddý.

Sýningin er sölusýning og Jóhann segir það svolitinn viðburð að fá svo mörg oliuverk til sölu hér á landi.

„Á sýningunni verða einnig djúpbrykk og önnur þrykk eftir Erró til sölu, í öllum stærðum og gerðum,“ segir hann.

„Erró verður 90 ára á árinu. Þetta er ekki beint afmælisýning en hún verður haldin í kjölfarið á stórrí afmælisýningu á Listasafni Reykjavíkur.“

Íslendingar vilja kaupa list

Jóhann segir að Íslendingar séu áhugasamir um að kaupa list og sala hafi ekki dregist saman í Covid.

„Það hefur gengið mjög vel hjá okkur að selja myndlist síðustu ár. Salan jókst ef eitthvað er. Íslendingar eru almennt áhugasamir um myndlist og við eigum mjög fjölbreytt og frábæra listamenn,“ segir hann.

„Við bjóðum fjölbreytt úrval af listaverkum, aðallega eftir innlenda listamenn en þó eru alltaf einhverjir erlendir sem selja og sýna hjá okkur líka. Það er alltaf hægt að skoða töluverðan fjölda verka hjá okkur þótt það sé ekki sérstök sýning á þeim og svo er líka hægt að skoða flest verkin á vefnum okkar og kynna sér þá listamenn sem við erum í samstarfi við.“

Maddý bætir við að auk upp-runalegra verka sé til breitt úrval prentverka í upplagi hjá Gallerí Fold.

„Upplagsverk hafa verið að seljast vel, mér finnst eins og það hafi orðið vakning hjá fólki um að kaupa prentuð verk í upplagi og fjölfeldi af ýmsu tagi. Fólk sækir í þessi verk núna.“

30 ára afmæli

Gallerí Fold verður 30 ára í ágúst en á árinu verða haldnir ýmsir viðburðir í tengslum við það sem ná hápunkti á Menningarnótt.

„Menningarnótt hefur yfirleitt verið stór hjá okkur og þá verða ýmsir viðburðir sem verða kynntir betur þegar nær dregur. Þó er ljóst að við verðum með viðburði eins og öruggboð, það verður hægt að fylgjast með listamönnum vinna, þá verða tónlistaratriði og margt fleira. Listamaðurinn Odee mun meðal annars gera sérstakt listaverk í tilefni afmælisins sem verður afhjúpað á Menningarnótt. Þetta er alltaf mjög skemmtilegur dagur hjá okkur,“ segir Maddý.

„Afmælisýningin okkar verður sýning á verkum Möggu Rutar Eddudóttur en hún verður opnuð í byrjun ágúst. Magga Rut er afar áhugaverður listamaður en þetta



Í Gallerí Fold er mikið úrval listaverka til sölu. Þetta oliumálverk eftir Þorstein Helgason er án titils.



Opal eftir listamanninn Odee.

er önnur sýningin sem hún heldur í Gallerí Fold,“ segir hún.

„Magga teiknar og notar flos í verkunum, þetta eru bæði textilverk og skúlptúrar. Verkin hennar eru mjúk, hún notar mjúka liti og útkoman er mjög feminísk. Þetta eru hlý verk, maður verður eiginlega þínu lóðin af þeim,“ bætir hún við hlæjandi.

„Magga er rosalega skemmtilegur listamaður sem fólk ætti að kynna sér.“

Þátttaka í listamessum í útlöndum

Gallerí Fold er í samstarfi við um það bil 30 íslenska listamenn sem selja verk sín í galleríinu árið um kring og halda sýningar þar. Jóhann segir að reglulega taki galleríið þátt í kaupstefnum erlendis þar sem verk íslenskra listamanna eru boðin til sölu.

„Núna erum við að vinna að því að taka þátt í sýningum á Englandi, í Vínarborg og í Danmörku. Þetta eru stórar listamessur og við erum að fara með verk nokkurra af okkar listamönnum út. Það er hluti af okkar samstarfi við listamennina að fara á listamessur með verk þeirra sem við vinnum hvað nánast með,“ segir Jóhann, „þótt það hafi legið niðri síðustu tvö ár út af Covid,“ segir hann og hlær.

„En nú er allt að lifna við. Þetta verður spennandi sýningarár fram undan. Út þetta ár og byrjun þess næsta. En við endum alltaf árið á stórrí jólasýningu og veljum þá einn listamann til að vera með sýningu. Það verður Unnur Ýr Helgadóttir sem lokar sýningum ársins hjá okkur.“ ■



Maddý er spennt fyrir þeim fjölbreyttu sýningum sem eru fram undan.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Tank, verk eftir Erró.



Verk eftir Þorra Hringsson en sýning á verkum hans opnar 9. apríl eftir að hafa verið í undirbúningi í tvö ár.

Það þarf ekki að hvísla eða læðast á listasöfnum

Listasafn Kópavogs í Gerðarsafni er forvítnelegt og lifandi safn sem gleður gesti á öllum aldri með frábærum sýningum, viðburðum, safnbúð og girnilegu kaffihúsi.

„Ég er Reykvikingur, alin upp af fjölskyldu sem hafði mikinn áhuga á myndlist og menningu. Menningin hefur því alltaf verið nálægt mér, sem og menningarlæsið: hvernig hægt er að túlka menningu á mismunandi hátt. Pabbi er bókmenntafræðingur, föðuramma mín lærði listfræði og föðurafi myndlist í Flórens. Móðurfjölskyldan hefur svo mikinn áhuga á söfnum, myndlist og ljósmyndum sem hluta af daglegri næringu. Allt seytladist þetta í gegn þótt ég hafi ekki áttað mig á því fyrr en á háskólaárunum, hversu menningaruppeldið hafði sterk og viðloðandi áhrif á mig.“

Þetta segir Brynja Sveinsdóttir, nýr safnstjóri Listasafns Kópavogs í Gerðarsafni.

Brynja tók við starfi safnstjóra í október í fyrra en hafði þá unnið á safninu frá árinu 2015. Hún er menntuð í listfræði, heimspeki og hagnýtri menningarmiðlun og lauk auk þess námi í sýningarstjórnun í Stokkhólmi.

„Ég þekki hvern krók og kima í Gerðarsafni og þótt safneignin sé sú þriðja stærsta á landinu er það í sjálfu sér lítið safn. Það þykir mér kostur því teymið er lítið og þétt og sér um allar hliðar safnstarfsins, sem gefur færi á að kynna fjölbreyttum hliðum þess og eiga víðara samtal um ólíka nálgun í starfinu. Starf safnstjóra er margþætt, því auk þess að sjá um reksturinn er það að setja listræna stefnu safnsins, ákveða sýningar og stóru línurnar í starfsemiinni, bæði hvað varðar sýningar, viðburði og viðmót, en líka safneignina, hvernig henni er miðlað,“ segir Brynja sem þessa dagana er hugleikið hvernig hægt er að tvinna saman heildræna upplifun og myndlist á listasafninu, bæði hið innra og ytra.

Lifandi samtal við verk Gerðar
Gerðarsafn var opnað árið 1994, eftir að erfingjar listakonunnar Gerðar Helgadóttur (1928-1975) færðu Kópavogsbæ að gjöf 1.400 listaverk úr dánarbúi Gerðar. Skilyrði fyrir gjöfinni var að bærinn byggði listasafn sem tengdist nafni Gerðar, geymdi og sýndi verk hennar og héldi minningu hennar á lofti.

„Ég kynntist verkum Gerðar vel eftir að ég byrjaði að vinna á safninu. Gerður var frumkvöðull innan íslenskrar myndlistar og mér þykir spennandi að miðla verkum hennar og vinna út frá hennar arfleifð og í hennar anda í öllu starfi safnsins. Gerður var mikil tilraunamanneskja og framúrsteftnuleg á sínum tíma. Einmitt það er svo gaman, að teygja inn í okkar samtíma og láta tala við listamenn sem vinna á svipaðan hátt og hún gerði, prófa mörkin, ný efni og efnistöð. Sýningar safnsins á samtímalist eru því að kanna stefnu og strauma innan myndlistar og sjá hvert samtal listarinnar er við ólíkar hliðar samfélagsins. Það er því alltaf skemmtilegt að vinna með verk Gerðar og sem fyrirmynd að ákveðnu viðhorfi, hugsjón og nálgun. Ég legg því áherslu á að hún sé lifandi hluti af safninu og við erum alltaf með litla grunn-sýningu á neðri hæð Gerðarsafns þar sem verk hennar eru aðgengileg um leið og við gerum reglulega uppbrot með annarri sýningu inni í grunn-sýningu Gerðar, eins



Brynja Sveinsdóttir er nýr safnstjóri í Gerðarsafni sem hún segir heillandi samkomustað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Í Gerðarsafni njóta gestir sín á öllum aldri, enda fádæma fallett safn með margvíslegt til yndisauka og dundurs.

og verður á HönnunarMars í maí með verkum Hönnu Dísar Whitehead. Því á sér stöðugt stað lifandi samtal við verk Gerðar,“ greinir Brynja frá.

Fram undan er spennandi rannsóknarverkefni á ferli Gerðar Helgadóttur, en safnið fékk stóran styrk frá Safnasjóði til að fara í tveggja og hálfis árs rannsókn á ferli og verkum listakonunnar.

„Við ætlum að skoða gögnin hennar Gerðar, bréfin og verkin, og gefa út bók og halda sýningu að rannsókn lokinni. Rannsóknir sem þessar getur maður sjaldan framkvæmt á söfnum, en á sama tíma er það virkilega mikilvægt og því frábært að fá stuðning til þess.“

Ólíkir snertifletir samtímalistar
Gerðarsafn er lifandi og skemmtilegt listasafn heim að sækja.

„Ég vil helst að allir líti á safnið, og reyndar öll söfn, sem heimilislegan stað sem er leyfilegt að detta inn á, hvort sem ætlunin er að eyða þar fimm mínútum eða klukkutímum, og hvort sem það er til að fara á kaffihúsið, í fræðslurýmið eða á sýningu. Að listasafn sé skapandi áfangastaður og aðgengilegur þar sem maður getur líka hangað, án þess að setja sig í sérstakar stellingar. Söfn hafa stundum yfir sér áru þar sem á að læðast um og hvísla, en þau eru ekki svo hátíðleg. Ég vil að fólki finnist það alltaf velkomið og finn

að fjölskyldufólk áttar sig æ betur á að Gerðarsafn er góður staður til að njóta samveru eftir leikskóla eða jafnvel verja heilum degi hjá okkur, og þannig vil ég hafa það,“ segir Brynja.

Sjálf átti hún æskudrauma um að verða dýralæknir eða leikkona, og fíktaði ekkert við myndlist.

„Ég er því engin myndlistarkona. Ég er meira í því að njóta myndlistar, skoða hana og túlka og nýt þess til hins ítrasta að sýningarstýra. Mér finnst gefandi að vinna að sýningum með listamönnum með ný verk en líka spennandi að setja upp sýningar með eldri verk og þá í nýju samhengi eða samtali, því það er hægt að skapa svo miklar

frásagnir í gegnum sýningar,“ segir Brynja.

Hún er í draumastarfinu.

„Já, svo sannarlega. Þetta er ótrúlega skemmtilegt og gefandi starf. Nú eru hér til dæmis fjölmargir að vinna að uppsetningu sýningarinnar Stöðufundar sem verður opnuð á laugardaginn, 2. apríl, klukkan 15, og allir velkomir. Því er mikið fjör í húsinu og á Stöðufundi verða sýnd verk eftir fimm myndlistarmenn og fimm rithöfundum sem taka afstöðu til samtímans okkar: hvernig við förum að eftir tveggja ára takmarkanir og frestun verkefna – já, hvað gerist nú? Sýningar okkar tala við hugðarefni samtímans og hafa snertifleti við aðrar greinar eins og þessi um myndlist og bókmenntir. Á HönnunarMars verður það myndlist og hönnun og á Listahátíð myndlist og dans, þegar Katrín Gunnarsdóttir danshöfundur sýnir verk. Við leyfum myndlistinni því að teygja sig út fyrir sitt skilgreinda svið og það eru virkilega spennandi tímar í myndlistinni,“ segir Brynja og hlakkar mikið til opunarinnar á laugardag.

„Það er alltaf hátíðlegt að opna sýningu og gleðilegt að geta aftur boðið fólki á opnun eftir langar takmarkanir og til að samgledjast listafólkinu að geta loks sýnt afkrastur vinnu sinnar. Stöðufundur er einmitt hægmallandi sýning sem átti að opna 2020 en sem veiran hamlaði æ ofan í æ. Spennandi hluti af þessa sýningarinnar er líka hvað gerum við þegar við stöðnum í tíma? Er kannski enn 2020, þegar allt var sett í pásu?“

Samkomustaður fyrir túlkun og sköpun

Við Gerðarsafn er stór og fallegur garður með vindbelg og leiktækjum fyrir börn, og náð sambýli við önnur menningarhús í Kópavogi, svo sem Salinn, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Bókasafn Kópavogs og Héraðsskjalasafnið.

„Við vinnum öll mikið saman, enda eru miklir möguleikar í því að hafa þverfaglega nálgun í menningarstarfi, eins og nú með Náttúrustofunni þar sem við sköðum umhverfissjónarmið í sýningum og finnum snertifleti á milli myndlistar og náttúru. Þá erum við alltaf með spennandi starf í fræðslurýmiinu Stúdíó Gerðar, kaffihúsið Reykjavík Roasters er sívinsælt fyrir æðislegar kræsingar og safnbúðin freistandi með fögrum listmunum. Það eru þessar ólíku hliðar sem gera Gerðarsafn einmitt að spennandi viðkomustað og alltaf er hægt að dunda sér við ótal marga.“

Brynja segir gesti Gerðarsafns líka skemmtilega og ólíka.

„Hingað koma gestir sem fylgjast vel með myndlist, aðrir mæta á viðburði í fræðslurými okkar og á laugardögum er vinsælt að koma á fjölskyldustund sem eru þrjár viðburðir í samvinnu við Menningarhúsin í Kópavogi, og á miðvikudögum eru ýmist tónleikar, fyrirlestrar eða leiðsögn í hádeginu. Þá höfum við yndi af því að taka á móti skólahópum enda eru börn svo ótrúlega klár og tilbúin að mynda sínar eigin skoðanir. Það er gaman að sjá hvernig þau eru orðin vön nálgun og orðræðu í myndlist, því þau eru skapandi í hugsun og þora að nálgast listina og túlka á eigin forsendum. Þau sem eru hér heimavön fara rakleidis að skoða sín uppáhaldsverk, halda sína fyrirlestra um Gerði og skúlptúra og nokkrir krakkar í nágrænninu koma á eigin vegum, hoppa í garðinum, koma inn að teikna og svo aftur heim. Allt er þetta draumur að fylgjast með.“ ■

Fegrar fundna hluti á óhefðbundinn hátt

Myndlistarmaðurinn Davíð Örn Halldórsson opnar í dag sýninguna Mitt litla líf – pappír eða plast, í Hverfisgallerí, en sýningin stendur yfir til 23. apríl. Sýningin er samansafn af smærri verkum sem Davíð hefur unnið undanfarin þrjú ár og eru meðal annars afrakstur af vinnu hans með ný efni.

oddurfreyr@frettabladid.is

Davíð Örn Halldórsson er reyndur myndlistarmaður sem hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum hér á Íslandi og víða erlendis á undanförunum árum, en hann er búsettur og starfar í Stuttgart. Davíð notar frekar óhefðbundnar málunaraðferðir, en hann hefur málað og sprejjað með mismunandi málningu og efnum á ýmsa fundna hluti og í seinni tíð hefur hann verið að prófa sig áfram með ný efni sem skapa um leið nýja möguleika.

Offlæði verka í litla salnum

„Ég hef verið að leika mér að því að vinna minni verk undanfarin ár, en ég er að gera svipaða hluti og venjulega, að mála á fundna hluti og fegra þá, það er bara aðeins meiri fjölbreytni í verkunum núna. Það er reyndar stundum erfitt að segja hvað er skissa og hvað er málverk og þegar ég er að vinna í þessum minni verkum er ég alltaf að hugsa til stærri verka,“ segir Davíð og hlær. „En maður hefur komist að því að stærðin skiptir engu, verkin er jafn sterk hvort sem þau eru stór eða lítil. Það spilar líka inn í hvað maður finnur og hversu auðvelt er að flytja hlutina.“

Þetta er starf síðustu þriggja ára og ég er eiginlega bara að safna saman pappaverkum og þessum fundnu verkum sem eru núna komin í hinar ýmsu stærðir, ásamt því að sýna tilraunir með ný efni eins og epoxy. Gamli draumurinn var að gera alvöru listasýningu í salon-stíl af því að verkin hafa aldrei verið sýnd í Reykjavík,“ segir



Davíð Örn Halldórsson var að opna nýja sýningu með næstum 60 myndum í Hverfisgallerí.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Davíð. „Ég hef alltaf verið að búa þetta til milli sýninga eða stærri verkefna og mig langaði að safna þeim saman, en ég gerði líka alveg 25 ný verk fyrir þessa sýningu og alls eru þetta næstum 60 myndir.“

Fyrir vikið get ég haft offlæði af verkum og þess vegna lagði ég til við Hverfisgallerí að fá að sýna í stofunni hjá þeim, sem er aðeins minni en aðalsalurinn. En sá salur er mjög glæsilegur og það hræðir mig eiginlega að vera að hengja upp í hann,“ segir Davíð. „Það er svo önnur sýning í fremri salnum frá Krot & Krass hópnunum og tíma-setningin virkaði af því að mig langaði að fá innri salinn. Vonandi vinnur mitt litabrjálæði vel með hinni sýningunni.“



Davíð vildi setja upp alvöru listasýningu í salon-stíl og hafa offlæði af verkum.

á sjá hvað kemur út úr alls kyns tilraunamennsku,“ segir hann. „Þegar maður fær nýtt efni, eins og þessa epoxy-kvoðu sem ég fór að nota eftir að hafa aðstoðað annan listamann, vakna nýir möguleikar sem kveiktu í mér.“

Hvers vegna kys Davíð að beita óhefðbundnum aðferðum við að búa til verk?

„Maður hefur náttúrulega próf að alls kyns aðferðir, en ástæðan fyrir því að ég nota þetta olíulak og sprejið eru helstu kostir þess. Það er af því að ég vinn í lögum þannig að ég vil að hlutir þorni hratt svo ég get farið að vinna í næstu lögum og vinnuaðferðir mínar hafa í rauninni þróast með kostum og göllum efnisins,“ útskýrir Davíð. „Þegar maður sér möguleikana í efninu heldur maður áfram að þróast með því. Til að byrja með fannst auðvitað öllum öðrum þetta skritnara en manni sjálfum, en þetta eru ekki neitt exótísk efni, þannig séð.“

Davíð segir að það sé mikil vinna á bak við hverja einustu mynd.

„Maður er einhvern veginn alltaf að reyna að finna jafnvægi milli þess að halda í frumdrögum að verkinu og þessum endalaus eltingaleik við að ofskreyta. Þar á milli er eitthvert jafnvægi sem ég er að leita að en stundum gerir maður of mikið og oftast finnst manni maður gera of lítið. Þessi eltingaleikur tekur tíma,“ segir hann. „Þetta eru lítil verk, sem þýðir mikla nákvæmnisvinnu sem getur gert hvern sem er brjáláðan, en einhvern veginn hef ég endalaus þolinmæði fyrir þessu.“

Hefur það gott í Stuttgart

Davíð hefur unnið og starfað í Stuttgart í fjögur ár en telur líklegt að hann komi einhvern tímann aftur til Íslands.

„Heitkona mín er þýsk og bjó á Íslandi í 12 ár. Við bjuggum saman hér á landi en fengum smá Reykjavíkurleida og ákváðum að fara til Stuttgart í einhvern tíma. En okkur líkar það bara mjög vel og höfum komið okkur vel fyrir. Hún er að byrja í háskóla og ég er með rosa fina vinnustofu og gott umhverfi til að skapa í, svo það er alls kostar óráðið hvenær við komum aftur. Ég finn í beinunum að við komum aftur, en ég get ekki lofað neinu án þess að tala við konuna mína,“ segir hann að lokum og hlær. ■



Verk Davíðs eru abstraktverk með mjög æstum litum en ljósmyndir af þýskri náttúru og dýrum læðast líka inn.

MYND/ADSEND

Litafantasia sem flaggar dramatík

„Dramatíski titillinn á sýningunni kemur inn á þá klisju að einn daginn gengur allt upp og maður er besti myndlistarmaður í heimi og svo næsta dag er allt ómögulegt og manni langar að kveikja í öllu draslinu,“ segir Davíð. „Þessi dramatík er í lífi allra, en listamaðurinn fær leyfi til að flagga því meira en aðrir.“

Verkin mín eru abstraktverk með mjög æstum litum en með þessum fundnu verkum læðast inn ljósmyndir af þýskri náttúru og dýrum sem ég reyni að fela með mínu sulli, en það skín smá í gegn, þó að þau sé hálfalín bak við málninguna. En það er ekki neitt sterkt þema

eða neitt slíkt, þetta er eiginlega bara litafantasia hjá mér,“ segir Davíð. „Öll verkin bera titla sem eru svolítill vitleysa. Ég gríp bara eitthvað úr loftinu, en það er kannski svona þínu akkeri og veitir manni kannski einhvern skritinn aðgang að verkunum.“

Þróast með efnunum

Davíð segist draga innblástur frá öllu í kringum sig.

„Það er náttúrulega fegurð og ljótleiki í öllu en þau eru líka innblásin af vinnusemi, að vera á einhverri línu og vera með reynslu af því að vinna með efnin sem ég hef verið að nota. Efnisnotkunin drífur mann áfram og áhugi á

LISTASAFN
ÁRNESINGA

5. febrúar - 22. maí 2022



Pú ert kveikjan - Ingunn Fjöla Ingpórsdóttir

Rólon - Magnús Helgason

Hringrás - Þórdís Erla Zoëga

Buxnadrátt - Lóa H. Hjálmtýsdóttir

Sýningarstjóri: Erin Honeycutt

Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá 12 -17, ókeypiss aðgangur. Sjá nánar á www.listasafnarnesinga.is

Safnaráð - Myndlistarsjóður - Uppbyggingarsjóður Suðurlands

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Sækir innblástur í Surtsey

Þórunn Bára Björnsdóttir myndlistarmaður hefur verið virk í íslenskri myndlist á undanförunum árum. Þórunn fæst við náttúruskynjun og samspil manns og umhverfis í verkum sínum. Hún gengur út frá náttúruvísindum í verkum sínum.

elin@frettabladid.is

„Myndefni mitt síðustu tvo áratugi er þróun lífs í Surtsey með tilvísun í framlag náttúrufræðinga sem þar stunda rannsóknir á tilurð og framþróun lífs frá upphafi,“ útskýrir Þórunn en segist þó aldrei hafa komið í Surtsey enda eyjan friðuð. „Kveikjan að verkunum tengist hugleiðingum um tilvistina almennt, stöðu náttúrunnar í ljósi loftslagsbreytinga og afleiðingar af atferli mannsins, aðlögunarhæfina, lífsbaráttuna, seiglu, rötfestu og samtengingu alls í tilverunni og mikilvægi hverrar einingar fyrir sig í lífskeðjunni sem aldrei má brotna,“ bætir hún við.

Þórunn Bára lauk listnámi frá listaháskólanum í Edinborg og frekara námi við Wesleyan-háskóla í Bandaríkjunum. Hún er félagi í SÍM og hefur haldið sýningar árlega hérlendis og erlendis, meðal annars hjá Galleri Fold. Hún starfar að myndlistinni á vinnustofu sinni að Grenimel 21 þar sem fólk getur komið í heimsókn. Verk hennar eru auk þess til sýnis og sölu á Galleri Fold



Þórunn Bára myndlistarmaður segir að við berum sameiginlega ábyrgð á umhverfi okkar og náttúru og þurfum að auka náttúrusiðfræði með tilliti til velferðar jarðar.

MYND/ADSEND

og á vefsíðu Apollo Art frá því að það fyrirtæki tók til starfa, sjá apolloart.is. Apollo er góð viðbót í listageiranum sem leiðir saman áhugasaman listunanda og listamanninn í gegnum traust fagfólk en það opnar möguleika til heimamátunar á listaverkum og spjalli við listamanninn.

Endalaus uppspretta hugmynda
Náttúran er Þórunni ofarlega í huga þegar rætt er um listsköpunina. „Það má segja að ég eyði löngum stundum í hugleiðingar um lífið og tilveruna í gegnum Surtsey,“ segir hún. „Surtsey er mjög áhugavert fyrirbæri í náttúrunni og okkar

eigin samtíma og í raun myndbirting þess sem gerist í náttúrunni í víðari skilningi. Þarna upphefst hlutirnir úr engu og síðan verða sífjalldar breytingar eins og eru alltaf í náttúrunni. Í mínum huga er Surtsey blómleg en ég er með tilvísun í fyrirmyndir eins og bergtegundir og jarðveg, þótt plöntulífið hafi átt huga minn undanfarið. Mögulega mun ég flytja mig yfir í grænna gras en mig langar að taka fyrir landsvæði á Íslandi með villiplöntum, til dæmis vatna- eða hálendisplöntum. Ég mun samt ekki sleppa Surtsey því þar er endalaus uppspretta hugmynda,“ segir Þórunn Bára.



Surtsey er Þórunni hugleikin en þessi mynd nefnist Fjaran.



Hjúpur er annað verk eftir Þórunni þar sem innblásturinn kemur frá Surtsey en verkin eru margs konar.

Fegurðin í náttúrunni

„Ég lít svo á að listin hafi mikilvægu hlutverki að gegna við að breyta viðhorfi áhorfandans til náttúrunnar með þjálfun í náttúruskynjun. Skynhyggja er vannýtt í samfélaginu en hún er ekki síður mikilvæg en rökhyggja. Við þurfum að þora og megna að ná utan um náttúruna til að tryggja

okkur og afkomendum okkar betri framtíð,“ bendir hún á og bætir við: „Náttúruvísindin færa okkur þekkingu og leiðir til betra lífs. Önnur leið er að gera fólki kleift að skynja og upplifa meðvitað og draga þannig eigin ályktanir af því sem fyrir augun ber. Slík upplifun setur listina í persónubundið samhengi við reynslu, minningar og tilfinningar. Án skynjunar verður engin hugsun. Frá því að ég var barn var ég alltaf með hugann við jörðina, eilíflega að safna, skapa og búa til úr mold, grjóti og blómum,“

Þórunn hefur þá trú að náttúran sé góð fyrir alla. „Fegurðin í náttúrunni gerir okkur að betra fólki. Að vera í náttúrunni hefur jákvæð áhrif á sál og líkama. Samspil manns og náttúru er flókið og brothætt. Breytt hugmyndafræði gegnum aldirnar hefur talið okkur trú um að við séum yfir náttúruna hafin og þannig rofið tengslin við okkar eigin uppruna, jörðinni og okkur sjálfum til óhamingju og vanlíðunar. Við berum sameiginlega ábyrgð á umhverfi okkar og náttúru og þurfum að auka náttúrusiðfræði með tilliti til velferðar jarðar. Það verður að gerast með hraði því að vandinn felst mikið til í stigvaxandi skerðingu á lífs-skilyrðum jarðarinnar,“ segir hún með áherslu á orð sín. „Ég reyni að færa náttúruna til fólksins með myndlistinni. Við gleymum því oft að við erum hluti af náttúrunni og eigum að lifa í sátt við hana. Jörðin er okkar eina heimili.“ ■



Hafnarborg

Hallgerður Hallgrímsdóttir

Fáeinir vangaveltur um ljósmyndun – III. hluti
A Few Thoughts on Photography – Vol. III
22. janúar – 18. apríl 2022



Tinna Gunnarsdóttir

Snert á landslagi
Touching Landscape
66°05'35.2"N 18°49'34.1"W
26. febrúar – 15. maí 2022


Menningar- og lista-
miðstöð Hafnarfjarðar
*The Hafnarfjörður Centre
of Culture and Fine Art*

Opið kl. 12–17
Lokað á þriðjudögum
Ókeypis aðgangur

Open 12–5 p.m.
Closed on Tuesdays

Strandgata 34
220 Hafnarfjörður
www.hafnarborg.is






SAFNBÚÐ BÆKUR,
FLOTHETTUR, SOKKA-
BUXUR, PEYSUR, SLÁR,
KERTASTJAKAR, BÓKA-
MERKI, SLÆÐUR, GÆRUR,
VASAPELAR, BLÓMA-
VASAR, ÚTSAUMUR,
PÚSLUSPIL, DAGATÖL,
SÁPUR, ILMOLÍUR,
REYKELSI, DÚKKUKJÓLAR
& SKARTGRIPIR

HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS

GARÐATORG 1
210 GARÐABÆR

OPIÐ 12–17 ALLA DAGA
NEMA MÁNUDAGA



Listunnendur og listamenn mætast í stafræna listagalleríinu Apollo art.

Listagallerí í takt við nýja tíma

Listamenn og listunnendur mætast í stafræna listagalleríinu Apollo art. Þar kynna íslenskir listamenn sig og list sína sem auðveldar listunnendum að uppgötva og fjárfesta í verkum sem hreyfa við þeim.

Apollo art, apolloart.is, er stafrænt listagallerí sem selur listaverk eftir um 150 þekktu og efnilega íslenska listamenn. Galleríið var opnað í október árið 2020 en stofnendur þess höfðu lengi fundið að það vantaði vettvang sem gæti hjálpað listamönnum að koma sér á framfæri og á sama tíma vettvang fyrir listunnendur til að komast á listaverkasýningu hvar og hvenær sem er, segir Ellert Lárusson, framkvæmdastjóri Apollo art.

„Okkur langaði að nýta þá þekkingu og reynslu sem við höfðum og leggja þar með okkar lóð á vogarskálarnar með það að markmiði að koma íslenskum listamönnum betur á framfæri.“

Góð notendaupplifun

Ellert segir Apollo art ganga fyrst og fremst út á að nýta krafta internetsins og samfélagsmiðla með það að markmiði að tengja saman hæfileikaríka listamenn og áhugasama listunnendur.

„Apollo art býður upp á nýjar

leiðir til að sýna, selja og fjárfesta í íslenskri list á netinu. Mikilið er lagt upp úr góðri notendaupplifun, en framsetning verka sem og upplýsingar um listamenn skipta höfuðmáli. Auðvelt er að átta sig á raunstærð verka á vefnum eða þá lesa um sögu og bakgrunn listamanns. Við auðveldum listamönnum að koma sér á framfæri. Þjónustan við listamennina snýr að öllu því sem kemur að sölu og auglýsingum og geta þeir því einbeitt sér að því að skapa sína list.“


Heimamátun og skoðun vinsæl
Viðskiptavinir geta fjárfest í verkum beint af vefnum eða nýtt sér þjónustu eins og heimamátun eða skoðun, segir Ellert. „Heimamátun og skoðun hefur gengið ótrúlega vel fyrir bæði viðskiptavinum og listamenn.“

Ferlið í heimamátun og skoðun er mjög svo einfalt. Þegar beiðni um heimamátun eða skoðun er send inn er hún komin í ferli, í flestum tilfellum samdægurs. Í heimamátun afhendir listamaður verkið sem er svo mátað við heimilið og er sú þjónusta ekki með neinum skuldbindingum og auðvitað að kostnaðarlausu.


Skoðun á verki á sér svo stað á vinnustofu listamanns. Þessi persónulega upplifun og þjónusta sem felst í að vera í beinni teng-



Ellert Lárusson, eigandi og framkvæmdastjóri Apollo art. MYNDIR/ÞSENDAR



Apollo art selur verk eftir 150 þekktu og efnilega íslenska listamenn.



Viðtökur hafa farið fram úr björtustu vonum og ljóst að þörfin var mikil.

ingu við listamanninn er mikils metin hjá viðskiptavinum okkar.“

Persónuleg þjónusta í fyrirrúmi

Ellert segir viðtökur frá opnun hafa farið fram úr björtustu vonum og ljóst hversu mikil þörfin var. „Það skiptir okkur miklu máli að veita faglega, persónulega og snögga þjónustu og gleður það okkur hversu margir koma aftur og aftur, hvort sem það er til þess að fjárfesta í list eða gefa gjafir. En verk keypt í gjafir og gjafabréf hafa verið að seljast mikið sem er einkar ánægjulegt.“

Hann segir þau vera stolt og þakklát þeim fjöldamörgu listamönnum sem hafa tekið þátt í

þessari skemmtilegu vegferð með þeim. „Viðtökurnar frá listamönnum eru okkur mjög kærkomnar og þeirra rödd skiptir okkur miklu máli, enda höfum við frá byrjum stefnt að því að auðvelda þeim að koma sér á framfæri. Svo er alltaf frábært að sjá aukin tækifæri sem hafa opnast fyrir listamenn eftir að hafa komið sér á framfæri á Apollo art.“

Apollo art brúar bilið

Með myndlist í boði á netinu er Apollo art að brúa bilið á milli listamanna og listunnenda og bjóða upp á stærra markað og meiri möguleika. Söluþölur milli landshluta og heimshluta sýna



Margir viðskiptavinir nýta sér heimamátun listaverka.

það glögg. Íslenskir sem og erlendir listunnendur fjárfesta í listaverkum sem þeir hefðu eflaust ekki uppgötvað. Þessar staðreyndir undirstrika það hvað netsala er orðin vinsæl og mikilvægur partur af því hvernig listaverk eru skoðuð, keypt og seld að sögn Ellerts.

Á stafrænum vettvangi sem þessum er mikilvægt að hámarka þægindi og bjóða upp á góðar lausnir, segir Ellert. „Það skiptir okkur miklu máli að bjóða upp á persónulega og sérsníðna ráðgjöf ásamt því að mæta þörfum viðskiptavina með fjölbreyttu og einstöku úrvali. Það sama á við um greiðsluleiðir en auk þeirra hefðbundnu, svo sem með korti og millifærslu, geta viðskiptavinir okkar dreift eða frestað greiðslum. Þá ábyrgjumst við einnig ánægju með 14 daga skilarétti og fullri endurgreiðslu.“

Ellert segir eigendur Apollo art stöðugt leita leiða til að betrumbæta þjónustuna, upplifun og viðmót fyrir bæði listunnendur og listamenn. „Fylgjendur Apollo art mega vera spenntir fyrir komandi tímum. Við erum að vinna að stærrum verkefnum, en þar má til að mynda nefna frekari ráðgjöf og þjónustu til viðskiptavina, bættar lausnir fyrir fyrirtæki og stofnanir sem og að halda inn á nýja markaði.“ ■

Nánari upplýsingar á apolloart.is.



Sparaðu ferðina. Þú ert einum smelli frá heilum heim af list.

apollo art